

Verklagsreglur um öryggisbresti í persónuvernd

Formáli

Eyja- og Miklaholtshreppur hefur skilgreint verklagsreglur um öryggisbresti í persónuvernd. Er reglunum ætlað að vera skýra hvernig starfsmenn skuli bregðast við öryggisbrestum er varða meðferð persónuupplýsinga.

1. Hvað er öryggisbrestur?

Öryggisbrestur felur í sér brest á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmatrar eyðingar persónuupplýsinga, sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt, eða að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Eða þegar dulkóðunarlykill, sem tengir saman auðkenni einstaklinga og dulkóðaðar upplýsingar, tapast. Almennt er talað um tegundir öryggisbrota sem;

- Brot á trúnaði (persónuupplýsingar berast óviðkomandi)
- Brot á heilindum (persónuupplýsingar breytast)
- Brot á aðgengileika (persónuupplýsingar eru óaðgengilegar)

Dæmi um algenga öryggisbresti:

1. Tölvupóstur eða bréf með persónuupplýsingum eins og t.d. nafni, mynd, greiðsluupplýsingum, heilsufarsupplýsingum er sendur á rangan viðtakanda.
2. Upplýsingar sem leynt eiga að fara eru birtar fyrir mistök, t.d. í fundargerð sem birt er á vef.
3. Upplýsingar glatast.
4. Starfsmenn brjóta trúnað með því að fjalla um málefni einstaklinga í þjónustu hjá sveitarfélaginu.

2. Viðbrögð

Mjög þröngur tími er til að tilkynna öryggisbrest til Persónuverndar, eða 72 tímar, og skal því næsta yfirmanni og persónuverndarfulltrúa tilkynnt um öryggisbrestinn um leið og hans verður vart. Er þetta mikilvægt þar sem tímafrestur hefst um leið og starfsmaður verður var við öryggisbrest og frestur til að tilkynna er því mjög knappur.

Bent er á að 72 tímar gilda óháð helgum og frídögum og því mikilvægt að bregðast strax við. Sem dæmi þá yrði að tilkynna brot sem kæmi upp kl. 18 þann 24. desember fyrir klukkan 18 þann 27. desember.

Ef starfsmenn verða varir við öryggisbrest hjá samstarfsmönnum, t.d. með því að móttaka póst sem átti ekki að vera sendur á þá eða sjá að upplýsingar hafa verið sendar óviðkomandi, ber þeim að láta sendanda vita þegar í stað, sem og næsta yfirmanni og/eða persónuverndarfulltrúa til að hægt sé að meta hvort tilkynna þurfi öryggisbrest til Persónuverndar.

3. Tilkynning til persónuverndar/frávikaskráning

Yfirmaður í samstarfi við persónuverndarfulltrúa útbýr tilkynningu um öryggisbrest til Persónuverndar nema ólíklegt þyki að öryggisbrestur leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Vakin er athygli á að Persónuvernd hefur túlkað tilkynningaskyldu rúmt og segir í leiðbeiningum að í vafatilvikum skuli tilkynning send. Skal því senda tilkynningu þó öryggisbrestur ólíklegur til að leiða til sekta.

Jafnvel þegar ekki þarf að tilkynna til Persónuverndar er lagaskylda til að skrá atvikið í frávikaskrá persónuverndarfulltrúa og því mikilvægt að persónuverndarfulltrúa sé tilkynnt um öll atvik.

Dæmi um atvik sem ekki þarf að tilkynna: tölvupóstur er sendur á rangan starfsmann, haft er samband við starfsmann sem eyðir póst áður en hann er lesin. Engin hætta er á réttindum eða frelsi þeirra sem upplýsingar voru um en persónuverndarfulltrúa skal samt tilkynnt um og skráir hann atvikið.

Dæmi um atvik sem þarf að tilkynna: tölvupóstur með lista yfir 50 skjólstæðinga sveitarfélagsins ásamt frekari upplýsingum er sendur á óviðkomandi netfang.

Eyðublað fyrir tilkynningu: <https://www.personuvernd.is/tilkynna-oryggisbrest/tilkynningar-um-brot-kvartanir-og-leidbeiningar-fyrir-vinnsluadila>

Skal tilkynning um öryggisbrest send á netfangið: postur@personuvernd.is og afrit á Persónuverndarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps á netfangið personuvernd@eyjaogmikla.is.

4. Þarf að upplýsa einstaklinga um öryggisbresti?

Ef öryggisbrestur telst fela í sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga skal tilkynna þeim um brotið án ótilhlýðilegrar tafar, nema það takist að grípa til aðgerða sem bægja frá slíkri áhættu. Megintilgangurinn með tilkynningarskyldunni er að veita einstaklingum upplýsingar um þau úrræði sem þeir geta sjálfir gripið til þeim til verndar, s.s. að setja nýtt lykilorð.

Meta skal í samráði við persónuverndarfulltrúa hvort tilkynna þurfi einstaklingum um öryggisbrest.

5. Nánari upplýsingar um öryggisbresti

Í vafatilvikum skal haft samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins í gegnum síma eða á netfangið personuvernd@eyjaogmikla.is.

Bent er á eftirfarandi ítarefni um öryggisbresti:

Leiðbeiningar Persónuverndar um öryggisbrot:

https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Leidbeiningar-um-oryggisbrot_16.2.2018_3.pdf

Spurt og svarað um öryggisbresti: <https://www.personuvernd.is/einstaklingar/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/oryggisbrestur>